



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

11. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Borg, mánudaginn 9. október 2023 kl. 08:30.

Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Porkell Porkelsson

Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, Oddviti

Iða Marsibil, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður aðveitna

Steinar Sigurjónsson, umsjónarmaður umhverfismála

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Framkvæmdir í Grímsnes- og Grafningshreppi 2023

Ragnar kynnti stöðu þeirra verkefna sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023.

Lagt fram til kynningar.

2. Athafnasvæði – verkfundargerð dags. 03.10.2023

Fyrir liggur fundargerð frá 2. verkfundi um verkið „Athafnasvæði við Sólheimaveg“.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Minnisblað af fundi Vegagerðarinnar með fulltrúum sveitarfélagsins, dags. 14.09.2023

Fyrir liggur minnisblað af fundi Vegagerðarinnar með fulltrúum sveitarfélagsins þar sem kynnt voru fyrir Vegagerðinni fyrirhuguð uppbyggingaráform á Borgarsvæðinu. Rætt var um hringtorg vestan við Borg til að bæta umferðarflæði inn á nýja íbúða- og þjónustubyggð. Jafnframt var rætt um nauðsyn þess að koma undirgöngum við Borg fyrir gangangi/hjólandi/ríðandi inn á umferðaröryggisáætlun komandi ára. Jafnframt voru önnur mál rædd.

Minnisblaðið lagt fram til kynningar.

4. Kynning frá Eflu á landupplýsinga gagnagrunninum *Gagnalandi*

Á fundinn kom Friðþór Sófus Sigurmundsson frá Eflu og kynnti landupplýsinga gagnagrunninn Gagnaland.

Framkvæmda og veituefnd þakkar Friðþóri fyrir áhugaverða kynningu. Nefndin felur Ragnari að taka saman minnisblað þar sem lagt er mat á þörf sveitarfélagsins fyrir slíkan gagnagrunn.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

5. Gatnamót við Skólabraut

Fyrir liggur uppdráttur frá Eflu þar sem sýnd er vegtenging frá Skólabraut inn á nýtt þjónustusvæði.

Framkvæmda- og veitunefnd gerir ekki athugasemd við uppdráttinn.

6. Vatnsveita: Kostnaðaráætlun í lögn frá Írafossi að miðlun Búrfellsveitu

Fyrir liggja tvær kostnaðaráætlanir á stofnlögn frá Írafossi að miðlun Búrfellsveitu. Annars vegar er um að ræða kostnaðaráætlun m.v. Ø200 mm lögn sem hljóðar upp á 245 m.kr. og hins vegar Ø250 mm lögn sem hljóðar upp á 284 m.kr.

Kostnaðaráætlanirnar lagðar fram til kynningar. Nefndin mun fjalla um málið aftur þegar árangur borana í Kaldárhöfða liggur fyrir.

7. Hitaveita: Minnisblöð frá ÍSOR vegna jarðvarmavinnslu á Sólheimum

Fyrir liggur minnisblað frá ÍSOR dags. 02.10.2023 um sjálfbæra vinnslugetu úr jarðhitakerfinu á Sólheimum.

Minnisblaðið lagt fram til kynningar.

8. Hitaveita: Minnisblað frá ÍSOR vegna efnasýnatöku í Vaðnesi, Kringlu og Sólheimum

Fyrir liggur minnisblað ÍSOR dags. 13.09.2023 um niðurstöður efnagreininga á vatnssýnum úr vinnsluholum hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps í Vaðnesi, og Kringlu, auk sýna úr tveimur hitaveituholum á Sólheimum.

Minnisblaðið lagt fram til kynningar.

9. Umsóknir um styrki vegna veghalds í frístundabyggðum

Fyrir liggja 19 umsóknir um styrki vegna veghalds í frístundabyggðum. Nefndin fjallaði um umsóknirnar og lagði mat á þær með hliðsjón af gildandi reglum um styrki vegna veghalds í frístundabyggðum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að veittur verði styrkur til frístundahúsafélaga samkvæmt eftirfarandi töflu vegna þeirra framkvæmda sem framkvæmdar voru á tímabilinu 16. september 2022 – 15. september 2023.



Frankvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Frístundahúsfélag	Fjárhæð styrks
Félag sumarhúsaeigenda v/Ásskóga	100.000
Furuborgafélagið	100.000
Félag sumarbústaðaeigenda við 5. braut við Álftavatn	100.000
Pristurinn	100.000
Félag sumarbústaðaeigenda í landi Villingavatns	49.600
Kerhraun frístundahúsfélag	200.000
Félag lóðareigenda í Miðborgum	350.000
Félag sumarhúsalóðaeigenda Þórsstíg	350.000
Félag sumarbústaðaeigenda í Oddsholti	100.000
Félag Landeigenda við Mosabraut og Hrauntröð Vaðnesi	100.000
Ásar, frístundabyggð í Búrfellslandi	200.000
Félag lóðareigenda í Farengi	300.000
Félag sumarhúsaeigenda Syðri-Brú	100.000
Hestur Landeigendafélag	350.000
Félag sumarhúsaeigenda við Heiðarbraut	350.000
Félag sumarhúsaeigenda Kerengi	150.000
Félag sumarhúsaeigenda við Ásgarðsbreiðu	150.000
Sumarhúsfélagið Hestvík	150.000
Félag lóðaeigenda Mýrarkoti	200.000

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 10:15